

Nd.

**369. Nefndarálit**

[135. mál]

um frv. til laga um ítölu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. allrækilega og rætt það á fundum sínum. Hún hefur einnig rætt málið við þá af ráðunautum Búnaðarfélags Íslands, er undirbjuggu í frv. breytingar á gildandi lögum. Að þessari athugun lokinni leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 2. gr.
  - a. Fyrir orðið „hreppsnefnd“ í 1. másl. komi: sveitarstjórn.
  - b. Á eftir 1. másl. komi nýr máslíður: En búendur teljast allir þeir, er jörð hafa eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja.
  - c. Á eftir 3. másl. komi nýr máslíður: Enginn einn maður hefur þó fleiri en eitt atkvæði, þótt hann nytji eða búi á tveimur eða fleiri jörðum.
2. Við 3. gr.
  - a. Aftan við 1. másl. bætist: eða bæjarfélags.
  - b. Í stað orðsins „hreppsnefnd“ í 2. másl. komi: sveitarstjórn.
3. Við 5. gr. Á eftir orðinu „hreppa“ í 4. másl. komi: eða bæjarfélags.
4. Við 8. gr. Í stað orðsins „hreppsnefnd“ í mismunandi föllum og tölu hvarvetna í greininni komi með sama hætti: sveitarstjórn.
5. Við 9. gr. Á eftir orðinu „nágrannahéraðs“ í 1. másl. komi: eða bæjarfélags.
6. Við 12. gr.
  - a. Á eftir orðunum „fleiri hreppa“ í 2. másl. komi: eða bæjarfélags.
  - b. Á eftir orðinu „hreppnum“ í sama másl. komi: eða bæjarfélaginu.

Alþingi, 10. apríl 1959.

Ásgeir Bjarnason,  
form.

Jón Sigurðsson,  
fundaskr., frsm.

Jón Pálmason.

Ágúst Þorvaldsson.